

**Nefndasvið Alþingis**

Sent með tölvupósti á: [umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Reykjavík, 6.maí 2024

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi**

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér efnislega tillögu ásamt meðfylgjandi greinargerð og gerir eftirfarandi athugasemdir. Í upphafi er komið inn á að þessi stefna um uppbyggingu vindorku á Íslandi skuli vera leiðarljós í helstu álitaeftum sem kuna að koma upp í tengslum við uppbyggingu slíkra mannvirkja sem vindorkuver eru. Því miður er þessi stefna svo almennt orðuð einmitt þegar að álitaeftum kemur að Landvernd hlýtur að gera þá kröfu að umhverfis- og samgöngunefnd geri umfangsmiklar breytingar þannig að stefnan innihaldi raunverulega stefnu en skilji ekki eftir sig fleiri álitamál sem má með réttu segja að sé um að ræða því í einstökum liðum er stefnan alltof matskennd til að geta talist raunveruleg stefna og því ekki nytsamleg sem leiðarljós fyrir vikið. Þessi stefna beinlínis býður því í alltof mörgum atriðum upp á að hægt sé að túlka á fleiri en einn veg. Reglugerðir sem ráðherra hyggst setja fram á grunni þessarar stefnu um þennan umdeilda iðnað hefðu að auki átt að liggja fyrir svo hægt sé að leggja heildstæðara mat á hvert er raunverulega verið að stefna í mörgum liðum þessa stóra máls.

**1. Markmið stjórnvalda**

Landvernd telur að til að flýta orkuskiptum þá þurfi Ísland ekki á uppbyggingu vindorkuvera að halda og aldrei á þeirri stærðargráðu sem að stjórnvöld hafa látið í veðri vaka og áform eru uppi um. Í greinargerð með þessari þingsályktun kemur fram "Bent hefur verið á að orkuöflun á Íslandi hafi verið talsvert einhæf miðað við orkuöflun annarra þjóða og felst enn sem komið er nánast eingöngu í virkjun vatns og jarðhita" Landvernd hlýtur að gera athugasemdir við þessa ótrúlegu staðhæfingu sem stenst auðvitað enga skoðun. Til þessa dags hafa stjórnvöld á Íslandi einmitt haldið því mjög hátt á lofti hversu Íslendingar séu öfundaðir af þeim fjölbreyttu orkukostum sem landið hefur upp á að bjóða bæði hvað varðar vatnsorku og síðast en ekki síst jarðvarma sem fáar eða engar þjóðir hafa hagnýtt sér í jafn ríkum mæli og einmitt Ísland. Það að tala um einhæfni er raunveruleg afbökun við aðrar þjóðir þar sem ýmist orkuþurrð ríkir og eða viðkomandi ríki hafi ekki úr öðrum orkugjöfum að velja nema þá kol, olíu og eða gas. Landvernd gerir sér jafnframt grein fyrir að greinargerðin hefur takmarkað vægi en engu að síður dapurlegt að sjá þennan texta fljóta með í einhversskonar réttlætingarskyni.

Þá er við það að athuga að ráðherra ætli sér ákveðið vald til að flýta fyrir sem er kallað "nauðsynlegum framkvæmdum" í nafni orkuskipta. Þessi aðferð er hlaðin óskýrleika sem vandséð er að sjá hversu langt geti gengið. Ráðherra vísar verkefnum á nærsvæði sveitarfélaga til þeirra og úrlausnar þar. Í þessu falli hafa sveitarfélög ekki á fagþekkingu að skipa til að taka ákvarðanir um svo stór mál á nærsvæði sínu sem eru jafn umdeild og virkjanamál. Í þessum eftum er sannarleg hætta á að armslengdarsjónarmiða verði ekki gætt vegna hagsmunatengsla.



## 1.2 Svæði landsins þar sem virkjunarkostir í vindorku verða óheimilir

Landvernd lýsir ánægju með að þau verndarsvæði sem tilgreind eru verði hlíft við inngripi vindorkuiðnaðarins enda gríðarlega mikið í húfi að hvergi verði gefið eftir um þessi svæði sem óheimilt verður að byggja upp vindorkuver. Hvað varðar B-hluta náttúruminjaskrár er sérstaklega mikilvægt að Náttúrufræðistofnun fái nægt svigrúm til að leggja mat á fleiri mikilvæg svæði sem eru til þess fallin að njóta vernda. Mjög mörg viðkvæm og lífrík svæði með fjölbreyttar vistgerðir sem ekki hafa verið tekin út og njóta því ekki sérstakrar verndunar eru til staðar hér á landi má þar nefna svæði sem eru til þess fallin að vernda sem ramsavæði, en mörg heiðarlöndin eru einmitt meðal heilstæðustu og lítt snortinna svæða sem stafa mikil hætta af vindorkuverum.

### 1.3 Náttúra, náttúruminjar, líffræðileg fjölbreytni og menningarminjar.

Við ákvörðun og val á svæðum fyrir hagnýtingu vindorku er lagt upp með að "þess verði ávallt gætt að neikvæðum áhrifum af starfseminni á viðkvæm svæði í náttúrunni og menningarminjar sé haldið í lágmarki og að tekið sé tillit til hljóðrænna og sjónrænna áhrifa. Gætt verði sérstaklega að áhrifum á þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, óbyggð víðerni og ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísu vegna náttúrufars." Hér skal hafa það í huga að þar sem vindorkuver kunna á annað borð að verða reist þá er ekkert um það að ræða að lágmarka áhrif þar sem þau verða alltaf mjög mikil og óafturkræf. Að lágmarka eitthvað sem hefur jafn gríðarlega víðtæk áhrif á ómetanlegar landslagsheildir og víðerni er óraunhæft markmið og því er ráðlegra fyrir stjórnvöld að skrifa einfaldlega bara inn þau neikvæðu áhrif sem fylgja og hvaða svæðum stjórnvöld hefur áhuga á að fórna. Áhrif vindorkumannvirkja á líffræðilega fjölbreytni mun hafa gríðarlega neikvæð og heildstæð áhrif á vistkerfi meðal annars á votlendum heiðarlendum.

### 1.4. Orkuvinnsla og orkukerfið

Í þessum kafla má segja að sé mjög óábyrg framsetning á stefnu þar sem hvergi hafa verið færð rök fyrir því að hagkvæmni orkukerfisins hafi aukist með innkomu vindorku heldur einmitt hefur hið gagnstæða gerst sbr. gríðarleg óhagkvæmni og álag sem hefur raungerst með tilkomu hás hlutfalls óstöðugri vindorkuframleiðslu sem hafa aukið mjög svo álag og óstöðugleika á raforkukerfi t.d. mjög víða um evrópu og norðurlöndin þar ekki síst meðtalinn þar sem stórir og grafalvarlegir annmarkar hafa komið í ljós hvað varðar einmitt óstöðugleika og afhendingu og álag á raforkukerfi. Þá hafa verðlagstoppur á raforkuverði farið víðast úr böndunum samhliða stærri hlutdeild í vindorku þar sem hún hefur verið í örustum vexti sem hefur bitnað mjög harkalega á almenningi og smærri fyrirtækjum. Hvergi er að finna neinar girðingar í þessari þingsályktun sem sem bendir til þess að ætlun stjórnvalda sé að lágmarka verð á raforku til almennings eða fyrirtækja enda liggur fyrir að Landsnet hefur lýst eindregnum áhuga sínum á að opna Kauphöll á Íslandi að að fyrirmynd Nordpool kauphallarmarkaðarins.

Síðast en ekki síst verður í niðurlagi þessa kafla að gera athugasemd við þá aðför sem stjórnvöld hafa í hyggju og felst í því að binda hendur vatnsaflsfyrirtækja að afhenda vindorkufyrirtækjum jafnvægisorku. Hér með skírskotun í texta "Stefnt verði að því að fyrir hendi verði nægilegt framboð af stýranlegri orku til jöfnunar vindorkuvera til að forsendur skapist til rekstrar þeirra, að slík orka sé aðgengileg á gegnsæjan hátt og að jafnræði sé tryggt." Það að eigi að binda hendur vatnsaflsfyrirtækja sbr. Landsvirkjunar að afhenda jafnvel erlendum orkufyrirtækjum jöfnunarorku og að það sé forsenda uppbyggingu vindorkufyrirtækja er alvarlegasta aðför sem gerð hefur verið að opinberu fyrirtæki í eigu þjóðarinnar. Það þarf því ekki að koma sérstaklega á óvart að strax á fyrstu stigum máls gerðu



fulltrúar Landsvirkjunar mjög alvarlegar athugasemdir við þessa aðför. Landsvirkjun óskaði með öðrum orðum að þessi texti yrði fjarlægður úr stefnunni sem Landvernd krefst sömuleiðis að verði gert. Ljóst má vera að það eru handbendi erlendra vindorkufyrirtækja sem hafa fengið að því er virðist óheftan aðgang að því að koma vilja sínum fyrir í þessari þingsályktun ráðherra.

### 1.5. Vindorka og samfélag

Sé litið til norrænna ríkja einvörðungu sem íslenskum stjórnvöldum er gjarnt að líta til ættu fulltrúar Umhverfis- og samgöngunefndar þingsins einmitt að kynna sér áhrif vindorkumannvirkja á almenning, samfélög og aðra hagaðila sem sitja ekki við sama borð og sú óhefta kapitalíska orkupólitík sem hefur náð tökum á nágrannabjóðum okkar. Það sem uppbygging vindorku á sameiginlegt hjá nágrannabjóðum okkar er að hafa skapað stríð sérstaklega á dreifbýlum svæðum og sveitarfélögum þar sem brotið hefur endurtekið verið á rétti íbúana sem að meðal annars norsk stjórnvöld hafa verið dæmd fyrir sbr. Fosen málið og fl. Eftirfarandi kemur fram í texta í þessum kafla. "Ákvörðun um uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku eigi sér stað með virkri og lýðræðislegri aðild og aðkomu nærsamfélagsins til að unnt sé að ná sem breiðastri sátt um hana út frá hagsmunum íbúa á nærliggjandi svæðum." Hér verður Landvernd að hafa uppi miklar efasemdir um yfirlýstan vilja þar sem að um leið og hér er vitnað til lýðræðislegra vinnubragða sterkrar aðildar með aðkomu samfélagsins þá er á hinn veginn í öllu falli stefna ráðuneytisins og stjórnvalda að skerða einmitt þessa lýðræðislega aðkomu með flýtingu á ferlum, óútskýrðri skilvirkni o.s.frv. utan þess sem ráðherra sjálfur hefur komið fram í fjölmiðlum og fordæmt landeigendur fyrir að leita réttar síns einmitt með hagsmuni náttúru að leiðarljósi.

Mikilvægt er að almenningur geti leitað réttar síns telji hann að ekki sé á sig hlustað og farið að Árórsarsamningnum. Það hefur verið gríðarlega kostnaðarsamt fyrir einstaklinga að sækja svoleiðis mál sem og aflsmunur er á fyrirtækjum, einstaklingum og stofnunum. Þessum texta hér undir þarf því að breyta til samræmist við þann aðstöðumun. "Tryggt verði í lögum eða reglum að almenningur geti leitað réttar síns vegna virðisrýrnunar eigna sinna innan áhrifasvæðis virkjunar."

### 1.6 Efnahagsleg áhrif af nýtingu vindorku

Ljóst er að efnislega er þessi kafli byggður á afar veikum grunni þar sem m.a. á þessari stundu liggur ekkert fyrir um tekjur fyrir sveitarfélögin af mannvirkjum. Hvergi á byggðu bóli meðal norrænna ríkja hefur verið sýnt fram á ávinning fyrir samfélög með byggingu vindorku nema eins og venja er um slíkar framkvæmdir að verktakar fá tímabundna vinnu og fátt annað fá íbúar að gjöf nema þá helst hækkaða raforkureikninga vegna uppbyggingar útblásinna raforkuinnviða sem þarf til að koma til að mæta hinu óstöðuga afli sem frá þessum vindorkuverum koma. Landvernd vill samhliða að gerð verði krafa á hvaða umhverfislegu þættir munu verða fyrir skaða og hreinu náttúrutapi sem má meðal annars mæla með upplifun fólks sem t.d. vill njóta útivistar í landi sem vill efla lýðheilsu og hreyfingu umfram annað á svæðum þar sem kyrrðin ræður ríkjum. Stjórnvöld verða að gera betur í þessum kafla hafi það verið ætlun að sýna fram á með staðreyndum hætti efnahagslega hvata til að fá sveitarfélög til fylgilags við sig með innistæðilausum gylliboðum.

### 2.1. Samhæfð stjórnsýsla

Í þessum kafla kemur meðal annars fram. "Tryggt verði eins og kostur er að þær opinberu stofnanir sem fara með stjórnsýslu á sviði vindorku, hvort sem er á vegum ríkis eða sveitarfélaga, skuli hafa yfir að ráða styrk og faglegri getu til að sinna þeim verkefnum sem þær bera ábyrgð á lögum samkvæmt á þessu sviði orkuöflunar. Lögð verði áhersla á að afla helstu grunnrannsókna sem nauðsynlegar eru á lífríki og náttúru með tilliti til hagnýtingar vindorku sem nýrrar tækni hérlandis og að niðurstöður slíkra rannsókna séu aðgengilegar."



Fátt annað er um þetta að segja en að það hlýtur að skjóta mjög skökku við að á sama tíma og sá ráðherra sem gerir hér ríkar kröfur á að viðkomandi stofnanir hafi yfir styrk og faglegri getu að ráða til að mæta áskorunum varðandi vindorku þá hefur sami ráðherra talað um að fækka starfsfólki og dregið úr fjárhagslegum styrk þeirra grunnstofnanna sem ætlað er að vinna að rannsóknum og öðrum þeim verkefnum sem fylgja þeim gríðarlegu áskorunum sem þessi nýji iðnaður kallar á. Í þessum kafla er einnig komið inn á það sem áður hefur verið skrifað og fellur illa að yfirlýstum markmiðum í stefnu um vilja til samráðs við samfélögin og lýðræðisleg vinnubrögð. Hér er nefnilega áréttað enn og aftur í stefnu sem er í raun leiðarljósið og það er heiti í stefnu sem hvergi eru nánar útskýrð sbr. einföldun, flýting ferla, eftirlits, leyfisveitingar og samhæfing. Allri þessari orðasúpu er bunað út í þessari stefnu án skýringa. Hér er því ekkert annað en merkingarlausar yfirlýsingar í stefnu sem á að gefa stjórnvöldum tæki til að grípa til aðgerða af hentiseminni einni. Þessi framsetning öll án útskýringa er óboðleg með öllu þegar svo gríðarlega stórt málefni er undir, málefni sem varðar auðlindir í eigu þjóðar og framtíð hennar allrar sem nú er ætlun að afhenda óheftum markaðsöflum í vindorkuiðnaði og heimsmarkaðsviðskiptum með auðlind okkar eins og hverja aðra vöru.

## 2.2. Besta framkvæmd og tækni

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við þá nálgun sem sett er hér fram í stefnu. Með öðrum orðum er vart hægt að hafa skoðun á þessum kafla þar aðeins er komið inn á að það eigi að móta reglur um hitt og þetta án þess að hægt sé að lesa út hvert raunverulega á að stefna. Staðreyndin er sú að besta mögulega tækni og nýjungar í öllu sem varðar vindorkuiðnaðinn segir nákvæmlega ekkert nema að það verði notast við þær aðferðir sem teljast vægt sagt vafasamar sé tekið tillit til mótmæla almennings gegn vindorkumannvirkjum. Það sem meira er þá hafa einmitt hin neikvæðu umhverfisáhrif farið stórum vaxandi með árunum eftir því sem að stærðir vindorkuvera í dag eru margfaldað sig á öllum skölum þannig að inngrip og neikvæð umhverfisáhrif hafa haft gríðarlega neikvæðar afleiðingar á náttúru og samfélög.

Það er því fráleitt að tala um skýrar reglur um eitthvað sem vitað er fyrirfram að hefur jafn neikvæðar afleiðingar og vindorkumannvirki munu verða í íslensku landslagi. Landvernd vill minna þá fulltrúa í Umhverfis – og samgöngunefnd sem hafa á annað borð ferðast um landið að gera sér grein fyrir því að íslenskt landslag og náttúra á fátt sameiginlegt með til viðmiðunar í þessum efnum eins og meðal þeirra þjóða þar sem flatneskjan ræður ríkjum og engin litfögur fjöll eða náttúra er rænd sýnum sérkennum sem vindorkumannvirki gera hvar sem þau eru reist í slíku umhverfi. Íslensk náttúra er einstæð og vindorkuver eiga ekki heima á Íslandi enda má stórlega draga í efa miðað við rannsóknir að vindorkuver af nýrri og óþekktri stærð munu lifa af íslenskt veðurfar.

## 3.1 Röskuð svæði og óröskuð

Hér vantar viðmið og dæmi hvað telst raskað land og hvað óraskað og hverjir skulu meta slíkt. Í þessum sama kafla er mjög illa útfærður texti um að eftir sem áður geti skapast forsendur til að virkja á óröskuðum svæðum. Hér er sem oftast óútskýrt hvar á að draga línur og setja mörk þannig að kaflinn stendur eftir galopin með undanþágum sem allt eins víst er að verði nýttar óspart.

## 3.2. Hljóðræn og sjónræn áhrif

Um þennan þátt áhrifa hafa verið skrifaðar margar staðreyndar greinar um hin neikvæðu áhrif á samfélag og náttúru auk þess sem að Landvernd hefur skrifað fjölda umsagna um þessi atriði. Svo engum vafa sér undirorpið gæti verið gagnlegt fyrir fulltrúa í Umhverfis- og samgöngunefnd að sjá efni hér á meðfylgjandi slóð þar sem svo er hægt að skoða nánar margvísleg önnur áhrif sem ættu að vera nefndarmönnum íhugunarefni

<https://motvind.org/betydelige-helseplager-blant-beboere-naer-tysvaer-vindpark/>



### 3.3. Stærð vindorkuvera

Mikilvægt er að hafa í huga að sú nýbreytni sem fram hefur komið að veita eigi sveitarfélögum heimild til að ákveða og skipuleggja svæði fyrir vindorkuver undir 9,9 MW vindorkuver með hámarkshæð 100 m það eru stór mannvirki sem geta haft mikil áhrif. Fram kemur að þau megi reisa á svokölluðum röskuðum svæðum án skilgreiningar hvað séu röskuð svæði. Stærð þeirra vindorkuvera er reyndar háð þeirri óvissu að ekki virðist girt fyrir það í stefnu að ekki megi reisa annað 9.9 MW vindorkuver við hlið annars sem hægt væri að óbreyttu að gera ef stofnuð yrði bara ný kennitala um nýtt verkefni og þannig væri hægt að stækka út vindorkusvæði með 100 m háum vindmyllum. Á þessu þarf að taka skýrum orðum að óheimilt sé en hvergi að finna í þessari þingsályktun.

### 3.4. Vindorka á hafi úti

Mikilvægt er að vega og meta vindorku í hafi sem er þó alls ekki óumdeildur virkjanakostur en engu að síður eins og áður hefur komið fram er ekki um að ræða ágang á náttúru og margvísleg neikvæð umhverfisáhrif eins og upp á landi. Stjórnvöld ættu því að einbeita sér að fljótandi úthafsvindorku þar sem framleiðsla er mun meiri og vindar stöðugri áður en unnin verða óafturkræf náttúruspjöll í okkar viðkvæma landi sem sífellt er gengið meira á.

### Að lokum

Þegar sýnt er nú að stjórnvöld hafa þegar veitt Landsvirkjun brautargengi fyrir vindorkuveri í Búrfelli og Blöndu ættu stjórnvöld að íhuga það alvarlega að segja staðar numið við þau gríðarmiklu iðnaðarframkvæmdir og leyfa reynslunni að skera úr um í fyrsta lagi hvernig almenningur upplifir þennan iðnað og í öðru lagi hvort 200 m á vindorkumannvirki eða lægri þoli íslenskt síbreytilegt veðurfar. Íslensk stjórnvöld ættu fyrst og síðast að setja sér stefnu sem tekur mið af þeim mistökum sem aðrar þjóðir hafa nú þegar gert í vindorkumálum og er þá nærtækt að líta bæði til Noregs og Svíþjóðar þar sem nú þegar vindorkufyrirtæki eru farinn í umtalsverðum mæli í gjaldþrot vegna óhagkvæmni þessa óstöðuga og mjög svo landfreka og umdeilda iðnaðar. Ísland býr ekki við orkuskort heldur skort á skilningi hvernig á að nýta þá orku sem við höfum nú þegar aðgang að með sjálfbærum hætti landsmönnum og framtíð allri til heilla.

*Virðingarfyllst  
F.h. Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*